

Lög

um breytingu á lögum um tekjuskatt, lögum um sérstakan skatt á fjármálafyrirtæki, lögum um fjármálafyrirtæki og lögum um stöðugleikaskatt (nauðasamningsgerð slitabúa fallinna fjármálafyrirtækja).

I. KAFLI

Breyting á lögum um tekjuskatt, nr. 90/2003, með síðari breytingum.

1. gr.

Á eftir 4. málsl. 8. tölul. 1. mgr. 3. gr. laganna kemur nýr málslíður, svohljóðandi: Ákvæðið gildir auk þess ekki um vexti sem greiddir eru af skuldabréfum sem gefin eru út í tengslum við efndir nauðasamnings og í eigin nafni af lögaðilum sem áður störfuðu sem viðskiptabankar eða sparisjóðir en sæta slitameðferð skv. 101. gr. laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, eða hafa lokið slitameðferð með nauðasamningi sem staðfestur hefur verið af dómstólum.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á ákvæði til bráðabirgða LVI í lögnum:

- Inngangsmálslíður orðast svo: Við álagningu opinberra gjalda á árunum 2016 og 2017 vegna tekna árána 2015 og 2016 skal.
- A-liður orðast svo: eftirgjöf skulda við gerð nauðasamninga aðila, sbr. 103. gr. a laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, teljast til skattskyldra tekna skuldara þar til jafnað hefur verið rekstrartap ársins og yfirfæranlegt rekstrartap frá fyrri árum, en eftirgjöf umfram tap skal falla niður. Á það jafnt við hvort sem skuldari gefur út hlutfé til greiðslu upp í skuldir eða ekki. Afkoma ársins skal leidd fram með hefðbundnum hætti í skattskilum áður en til tekjufærslu eftirgjafar skulda kemur. Eftir atvikum skal jafna rekstrarhagnað með yfirfæranlegu rekstrartapi fyrri ára áður en slíkt tap er jafnað með tekjufærslu eftirgjafar skulda. Inni skuldari af hendi greiðslu upp í skuld með útgáfu nýs hlutfjár til kröfuhafa telst við þær aðstæður til eftirgjafar í hendi skuldarans mismunur nafnverðs þess hluta skuldar sem gengur til greiðslu hlutfjárins og raunvirði þess útgefna hlutfjár sem á móti kemur, miðað við stöðu bókfærðs eigin fjár skuldara að virtri eftirgjöf skulda og útgáfu hins nýja hlutfjár. Kröfuhafa er heimilt, sbr. 3. tölul. 31. gr., að færa eftirgjöf skulda að fullu eða að hluta til frádráttar tekjum af rekstri á því ári sem skuldir eru eftirgefnar. Að því leyti sem kröfuhafi færir eftirgjöf ekki til frádráttar tekjum af rekstri, eða getur ekki notið slíks frádráttar, telst fjárhæð eftirgefinna skulda til stofnverðs hinna nýju hluta í hans hendi.

II. KAFLI

**Breyting á lögum um sérstakan skatt á fjármálafyrirtæki,
nr. 155/2010, með síðari breytingum.**

3. gr.

Við 2. mgr. 2. gr. laganna bætist nýr staflíður, svohljóðandi: lögaðilar sem áður störfuðu sem viðskiptabankar eða sparisjóðir, sbr. 4. gr. laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, en hafa fengið frumvarp að nauðasamningi samþykkt á fundi sem boðaður hefur verið á grundvelli 2. másl. 3. mgr. 103. gr. a laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, og lagt fram skriflega kröfu um staðfestingu nauðasamnings fyrir héraðsdómara skv. IX. kafla laga nr. 21/1991, um gjaldþrotaskipti o.fl.

III. KAFLI

Breyting á lögum um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, með síðari breytingum.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 103. gr. a laganna:

- a. Á eftir orðunum „nýir hlutir“ í 6. másl. 3. mgr. kemur: eða stofnfé.
- b. Á eftir 7. másl. 3. mgr. kemur nýr máslíður, svohljóðandi: Sama gildir að breyttu breytanda um fjármálafyrirtæki í slitameðferð sem starfaði áður sem sparisjóður í rekstrarformi sjálfseignarstofnunar.
- c. 8. másl. 3. mgr. orðast svo: Séu heimildir 6.–8. másl. nýttar til þess að gefa út nýja hluti eða stofnfé í fjármálafyrirtækinu í slitameðferð sem greiða á með skuldajöfnun tiltekins hluta kröfu, er samþykkt hefur verið við slitameðferðina og sem þáttur í efnudum nauðasamnings, gildir 4. mgr. 101. gr. um störf slitastjórnar þangað til hluthafafundur eða fundur stofnfjáreigenda hefur farið fram í félaginu og kosið nýja stjórn í félaginu.
- d. Á eftir 9. másl. 3. mgr. koma þrjú nýir máslíðir, svohljóðandi: Slitastjórn er heimilt að gera tillögu að því á kröfuhafafundi að einungis þeir kröfuhafar sem skráðir eru í kröfuskrá á þeim degi sem frumvarp að nauðasamningi er lagt fram, eða við seinna tímamark og fram að því að atkvæðagreiðsla um frumvarp að nauðasamningi fer fram, hafi heimild til þess að greiða atkvæði um frumvarp að nauðasamningi. Verði aðilaskipti að kröfu í búið eftir það tímamark sem miðað er við hefur nýr kröfuhafi þó heimild til þess að greiða atkvæði um frumvarp að nauðasamningi ef hann tilkynnir slitastjórn um kröfuhafaskiptin og afhendir gögn sem sanna framsal kröfunnar. Hið sama gildir að breyttu breytanda um rétt til móttöku greiðslu samkvæmt ákvæðum frumvarps að nauðasamningi eftir að frumvarpið hefur verið staðfest.
- e. Í stað 11. másl. 3. mgr. koma tveir nýir máslíðir, svohljóðandi: Slitameðferð telst lokið í samræmi við ákvæði þessarar málsgreinar þegar nauðasamningur hefur verið staðfestur, nema 1. mgr. eigi við. Um efnidir á skuldbindingum við kröfuhafa fer eftir efni nauðasamnings.
- f. 12. másl. 3. mgr. orðast svo: Frumvarp að nauðasamningi fjármálafyrirtækis telst samþykkt ef því er greitt sama hlutfall atkvæða eftir fjárhæðum krafna atkvæðismanna, sem taka þátt í atkvæðagreiðslu, og eftirgjöf af sammingskröfum á að nema samkvæmt frumvarpinu, þó að lágmarki 60 og að hámarki 85 hundraðshlutar þeirra atkvæða.
- g. 15. másl. 3. mgr. færast og kemur á undan 13. másl.
- h. Við 6. mgr. bætast tveir nýir máslíðir, svohljóðandi: Sé vegna eðlis nauðasamningsgreiðslu ekki unnt að leggja hana inn á fjárvörslureikning og/eða vörslureikning er slitastjórn heimilt að grípa til annarra ráðstafana sem tryggja að nauðasamningsgreiðsla berist kröfuhöfum þegar ágreiningur hefur verið til lykta leiddur eða þegar kröfuhafi

getur tekið við nauðasamningsgreiðslu. Gera skal grein fyrir slíkum ráðstöfunum í frumvarpi til nauðasamnings og þegar ráðstafanir hafa verið framkvæmdar telst nauðasamningsgreiðsla hafa verið innt af hendi til viðkomandi kröfuhafa.

IV. KAFLI

Breyting á lögum um stöðugleikaskatt, nr. 60/2015.

5. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 2. gr. skulu þeir aðilar sem áður störfuðu sem viðskiptabankar eða sparisjóðir, sbr. 4. gr. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, en sæta slitameðferð, sbr. 101. gr. sömu laga, ekki teljast til skattskyldra aðila samkvæmt lögum þessum hafi þeir lokið slitameðferð með staðfestum nauðasamningi fyrir 15. mars 2016.

Sama tímamark skal gilda við afmörkun á skattskyldu þeirra aðila sem falla undir 2. málsl. 2. gr. laga þessara.

Lengri frestur til að ljúka slitameðferð skv. 1. mgr. er bundinn því skilyrði að þeir aðilar sem undir ákvæðið falla hafi fengið frumvarp að nauðasamningi samþykkt á fundi sem boðaður hefur verið á grundvelli 2. málsl. 3. mgr. 103. gr. a laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, og lagt fram skriflega kröfu um staðfestingu nauðasamnings fyrir héraðsdómara skv. IX. kafla laga nr. 21/1991, um gjaldþrotaskipti o.fl., fyrir 31. desember 2015.

Við afmörkun á skattstofni samkvæmt ákvæði þessu skal miða við heildareignir skattskylds aðila 31. desember 2015. Um frádráttarliði frá stöðugleikaskatti fer eftir 5. gr.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda sem hér segir:

- a. 1. gr. kemur til framkvæmda í staðgreiðslu eftir birtingu laga þessara og við álagningu opinberra gjalda á árinu 2016.
- b. 3. gr. kemur til framkvæmda við álagningu opinberra gjalda á árinu 2016.
- c. 4. gr. tekur til fjármálafyrirtækja í slitameðferð sem ekki hafa haldið atkvæðisfund um frumvarp að nauðasamningi skv. 2. málsl. 3. mgr. 103. gr. a laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki.

Samþykkt á Alþingi 4. nóvember 2015.